

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 6/2004 um breytingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2003, sbr. auglýsingu í 145. tbl. Lögbirtingablaðs, dags. 31. október 2003 um að álagningu sé lokið.

Með vísan til 120. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila 2003 þann 7. apríl nk.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 27. janúar 2004.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.